

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 141/1991. **Kvikk sf.**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Þórarinssyni

(Ástráður Haraldsson hdl.)

(Arnmundur Backman hrl.)

Einkasala. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1991. Hann krefst staðfestingar á lögbanni, sem fúgetaréttur Gullbringusýslu lagði við því 26. janúar 1989, að stefndi framleiði og selji þar um rædda vél, sem áfrýjandi telur brjóta í bága við einkarétt sinn samkvæmt einkaleyfi nr. 1297 frá 20. júlí 1987. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1988 til 15. febrúar 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafstíma þeirra talið. Áfrýjandi krefst þess einnig, að stefndi verði dæmdur til að láta af hendi til sín hausklofningsvélar þær, sem hann hafi framleitt andstætt einkaleyfi áfrýjanda og enn séu í fórum stefnda, og jafnframt, að stefndi verði dæmdur til að sæta sektum samkvæmt 21. gr. laga um einkaleyfi nr. 12/1923, sbr. 51. gr. laga nr. 75/1982. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með er talinn lögbannskostnaður.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að skaðabótakrafa áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru samkvæmt beiðni áfrýjanda dómkvaddir Hafliði Loftsson og Páll Ragnar Sigurðsson vélaverkfræðingar til þess að „skoða og meta kinnavél matsþola og hausklöfningsvél matsbeiðanda og bera saman það, sem sameiginlegt er með þeim, bæði hvað varðar vinnsluaðferð og vinnslubúnað“. Í matsbeiðninni var þess óskað, að matsmenn svöruðu ákveðnum spurningum.

Matsmenn skiluðu matsgerð sinni 3. maí 1992. Gera þeir eftirfarandi samanburð á sameiginlegum eiginleikum véla matsbeiðanda og matsþola: „Báðar vélarnar hafa það hlutverk að skera fiskhaus. Báðar hafa snúningshníf (hnífa). Snúningsásar og skurðarplön hnífanna eru á föstum stöðum í báðum vélum. Báðar vélarnar nýta sér, að hausar eru þræddir upp á og færðir eftir ílöngum hlut. Báðar vélar eru mataðar handvirkkt, einum haus í einu. Báðar vélar eru rafknúnar og búnar öryggishlífum.“

Í svari matsmanna kemur m. a. fram, að stöng í vél matsþola haldi gellu og neðri kjálka frá skurðarhnífum, sem þeir telja þó ekki vera aðalhlutverk stangarinnar.

Þá hefur áfrýjandi lagt fram álitserð Knud Erik Vingtoft frá 19. ágúst 1992. Niðurstaða hans er sú, að búnaður og aðferð stefnda brjóti í bága við einkaleyfi áfrýjanda.

Stefndi hefur mótmælt framangreindum gögnum sem of seint fram komnum, enda raski þau grundvelli málsins, og óafsakanlegt sé, að þau hafi eigi komið fram fyrr. Að því er álitserðina varðar, bendir stefndi á, að Knud Erik Vingtoft sé umboðsmaður áfrýjanda, sem sjái um einkaleyfisumsóknir fyrir hann, auk þess sem hann hafi ekki skoðað vélarnar.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi eru tilgreindar einkaleyfiskröfur áfrýjanda, sem fram koma í einkaleyfi hans. Spurningar þær, sem áfrýjandi beinir til matsmanna samkvæmt framangreindri matsgerð, eru orðaðar á sama veg og einkaleyfiskröfurnar. Ljóst er af svörum matsmanna, að þeir telja, að stöngin í vél stefnda haldi gellu og neðri kjálka frá skurðarhnífum. Það er andstætt því, sem segir í héraðsdómi. Ekki hafa matsmenn staðfest matsgerð sína fyrir dómi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir sérfræðiálitum þeim, sem aðilar lögðu fram, og gengu þau í gagnstæðar áttir. Við þær aðstæður hefði verið rétt að dómkveðja matsmenn. Í héraðsdómi er ekki gerður skilmerkilegur samanburður á vélunum tveimur. Þá kemur þar ekki nægilega fram, hvaða mismunur það var, sem réð því, að vél stefnda var ekki talin brjóta í bága við einkaleyfið. Þótt ekki sé unnt að leggja framangreinda matsgerð til grundvallar í máli þessu, er ekki fært að líta fram hjá því, að fram er kominn samanburður á vélunum, sem virðist í andstöðu við niðurstöðu héraðsdóms. Eins og málið liggur fyrir, þykir ekki unnt að leggja á það efnisdóm. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
